

MINNISBLAÐ

Sendandi: MAGNA lögmenn ehf.

Viðtakandi: Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Dags.: 31. maí 2024

Efni: Lagaumhverfi smásölu áfengis á Íslandi

I Inngangur og afmörkun

Minnisblað þetta er tekið saman að beiðni fjármála- og efnahagsráðuneytisins í tilefni af þeirri umræðu sem átt hefur sér stað að undanfögnu um netverslun með áfengi. Í minnisblaðinu er gerð grein fyrir gildandi lagaumhverfi smásölu áfengis á Íslandi og þeim valkostum sem til greina koma varðandi breytingar á því. Engin afstaða er tekin í minnisblaðinu til lögmætis einstakra netverslana heldur er umfjöllunarefni þess afmarkað við lýsingu á gildandi réttarreglum, þeim almennu ályktunum sem dregnar verða af þessum reglum og þeim valkostum sem stjórnvöld hafa um breytingar á þeim innan marka EES-samningsins.

II Niðurstöður

- Samkvæmt gildandi lögum er smásala áfengis á Íslandi bönnuð öðrum en ÁTVR. Smásala áfengis sem fram fer hér á landi á vegum annarra aðila en ÁTVR er því ólöglegt.
- Samkvæmt gildandi lögum er innflutningur áfengis til einkanota frjálst. Öllum er því heimilt án sérstaks leyfis að flytja inn til eigin nota áfengi sem keypt er erlendis frá.
- Meta þarf í hverju tilviki fyrir sig hvort smásala áfengis sem fram fer í gegnum netverslun feli í sér ólöglega smásölu hér á landi eða lögmætan innflutning áfengis erlendis frá. Við það mat þarf að horfa til raunverulegs eðlis hlutaðeigandi viðskipta.
- Ríkiseinkasala áfengis og aðrar hömlur á verslun með þær áfengistegundir sem falla undir vörusvið hans eru samrýmanlegar EES-samningnum að uppfylltum skilyrðum 13. og 16. gr. hans. Gildandi reglur uppfylla þessi skilyrði. Íslenska ríkið hefur jafnframt svigrúm til að herða eða rýmka núgildandi reglur innan marka 13. og 16. gr. samningsins.
- Meðal þeirra valkosta sem til greina geta komið til breytinga á núverandi fyrirkomulagi eru hert regluverk, óbreytt regluverk með hertari framkvæmd, rýmkingun án afnáms ríkiseinkasölu og loks afnám ríkiseinkasölu.

III Gildandi reglur um smásölu áfengis á Íslandi

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. áfengislaga nr. 75/1998 þarf leyfi til að stunda í atvinnuskyni innflutning, heildsölu, smásölu, sölu á framleiðslustað eða framleiðslu áfengis. Samkvæmt 1. mgr. 10. gr. laganna hefur Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins einkaleyfi til smásölu áfengis, sbr. þó 6. gr. a. Samkvæmt síðastnefnda ákvæðinu má veita leyfi til sölu á framleiðslustað til handhafa framleiðsluleyfis sem framleiðir innan við 500.000 lítra af áfengi á almanaksári.

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 86/2011 um verslun með áfengi og tóbak skal starfrækja sérstaka stofnun, Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, ÁTVR, sem sinnir smásölu áfengis og heildsölu tóbaks undir stjórn ráðherra. Samkvæmt 1. másl. 1. mgr. 7. gr. laganna hefur ÁTVR einkaleyfi til að selja og afhenda áfengi í smásölu, sbr. 10. gr. áfengislaga nr. 75/1998.

Með lögum nr. 35/2022 um breytingu á áfengislögum nr. 75/1998 var gerð sú breyting að sala á framleiðslustað var aðskilin frá annarri smásölu og lögfest framangreind heimild í 6. gr. a til að veita nánar tilgreindum handhöfum framleiðsluleyfis leyfi til slíkrar sölu. Með breytingarlögunum var tilvísun til þessa ákvæðis jafnframt aukið við 10. gr. laganna, þar sem kveðið er á um einkaleyfi ÁTVR til smásölu áfengis, og gildissvið laga nr. 86/2011 þrengt að því er varðar verslun með áfengi og afmarkað við „smásölu ríkisins á áfengi“ í stað „smásölu á áfengi“ áður. Í athugasemdum við frumvarp til þessara breytingarlaga var í samræmi við framangreint tekið fram að það fæli í sér undanþágu frá einkaleyfi ÁTVR á smásölu áfengis til neytenda. Um eðli þessarar undanþágu sagði nánar í athugasemdum við frumvarpið:

„Frumvarpinu er ekki ætlað að hrófla við hlutverki Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins né þeirri áfengisstefnu sem hingað til hefur verið við lýði og er m.a. sett fram í lögum um verslun með áfengi og tóbak, nr. 86/2011, sem heyrir undir fjármálaráðherra. Markmið frumvarpsins er að heimila þrönga undanþágu frá einkaleyfi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á smásölu áfengis með því heimila smærri áfengisframleiðendum, sem uppfylla ákveðin skilyrði laganna, að selja áfengt öl í smásölu á framleiðslustað.“

Auk framangreindrar undanþágu vegna smásölu á framleiðslustað er veitingastöðum, gististöðum og skipuleggjendum viðburða heimilt samkvæmt lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald að selja og afhenda áfengi til neytenda í tengslum við slíka atvinnustarfsemi að fengnu viðeigandi leyfi samkvæmt lögunum, sbr. 2. másl. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 86/2011.

Samkvæmt framanröktum ákvæðum áfengislaga nr. 75/1998 og laga nr. 86/2011 um verslun með áfengi og tóbak er atvinnustarfsemi sem felst í smásölu áfengis háð opinberu leyfi sem bundið er við ÁTVR og gera lögin ekki ráð fyrir því að aðrir aðilar geti sótt um eða fengið leyfi til smásölu áfengis í þessum skilningi. Utan við smásölu áfengis í framangreindum skilningi fellur sala á áfengi á framleiðslustað samkvæmt 6. gr. a áfengislaga nr. 75/1998 og sala áfengis á veitingastöðum, gististöðum og viðburðum sem fram fer samkvæmt lögum nr. 85/2007. Með þessum undantekningum er smásala áfengis óheimil öðrum en ÁTVR að því leyti sem hún

fellur undir gildissvið áfengislaga nr. 75/1998 og laga nr. 86/2011 um verslun með áfengi og tóbak.

Enga afmörkun á landfræðilegu gildissviði áfengislaga nr. 75/1998 og laga nr. 86/2011 er að finna í lögnum ef frá er talið ákvæði 2. mgr. 1. gr. síðarnefndu laganna þar sem fram kemur að þau taki ekki til skipa og loftfara sem koma í landhelgi og hafa innan borðs áfengi eða tóbak sem hluta af tollfrjálsum forða ef með þann varning er farið samkvæmt sérákvæðum laga. Af þessu ákvæði verður dregin sú ályktun að lögin, þar á meðal ákvæði þeirra um einkaleyfi ÁTVR til smásölu áfengis, gildi á landinu öllu og að auki á því svæði sem fullveldisréttur Íslands nær til samkvæmt 2. gr. laga nr. 41/1979, sbr. 1. gr. sömu laga. Engin ályktun verður hins vegar dregin af þessu eða öðrum ákvæðum laganna í þá veru að þeim sé ætlað að gilda um lögskipti að því leyti sem þau eiga sér stað utan yfirráðasvæðis íslenska ríkisins.

Í samræmi við framangreint verður að leggja til grundvallar að landfræðilegt gildissvið áfengislaga nr. 75/1998 og laga nr. 86/2011, þar á meðal þeirra ákvæða laganna sem lúta að einkaleyfi ÁTVR til smásölu áfengis, sé bundið við íslenskt yfirráðasvæði. Utan við landfræðilegt gildissvið þeirra fellur því smásala áfengis sem fram fer á yfirráðasvæði annars ríkis og lýtur þarlendri löggjöf.

Fari smásala áfengis fram yfir landamæri með þeim hætti að seljandi og kaupandi séu staddir hvor í sínu ríkinu þegar kaup eiga sér stað reynir á það álitaefni hvar þau teljast fara fram og þá reglum hvors ríkis skuli beitt um þau. Niðurstaða þar um ræðst af heildstæðu mati á því fyrirkomulagi sem lagt er til grundvallar hlutaðeigandi viðskiptum aðila. Leiði slíkt mat til þeirrar niðurstöðu að kaup hafi fari fram í því ríki þar sem seljandi er staddur eða staðfastur verður að leggja reglur þess ríkis um smásölu til grundvallar. Leiði matið aftur á móti til þess að kaup hafi ekki farið fram fyrr en í því ríki þar sem kaupandi er staddur verður að sama skapi að leggja reglur þess um smásölu til grundvallar.

Á úrlausnarefni af framangreindum toga reyndi í dómi Hæstaréttar Svíþjóðar 7. júlí 2023 í máli nr. T 4709-22 (Winefinder). Í málinu, sem rekið var milli handhafa einkaleyfis til smásölu á áfengi í Svíþjóð og danskrar netverslunar sem seldi vín til sænskra neytenda, reyndi á hvort um smásölu hefði verið að ræða í Svíþjóð sem væri ósamrýmanleg einkaleyfinu. Hæstiréttur Svíþjóðar lagði til grundvallar að til þess að samrýmast því þyrfti smásali að vera staddur eða staðfastur utan Svíþjóðar. Þá þyrfti starfsemi hans jafnframt að eiga sér stað utan Svíþjóðar. Rétturinn tók í því sambandi fram að starfsemi smásala teldist ekki fara fram í Svíþjóð þótt vörur væru seldar í gegnum vefsíðu sem aðgengileg væri þar í landi eða vistuð þar. Loks tók rétturinn fram að ef skýrar vísbendingar væru um ráðstafanir til málamynda kynni að þurfa að leggja mat á hvort þær endurspegluðu raunveruleg atvik með réttum hætti.

Niðurstaða réttarins varð sú að smásalan hefði farið fram í Danmörku. Í því sambandi leit rétturinn í fyrsta lagi til þess að þeir kaupsamningar sem um ræddi í málinu hefðu verið gerðir milli sænskra neytenda og félags sem skráð væri og hefði höfuðstöðvar sínar í Danmörku. Í öðru lagi leit rétturinn til þess að það áfengi sem selt var hefði verið geymt í Danmörku á lager

félagsins þar. Þá leit rétturinn til þess að félagið hefði haft starfsmenn í Danmörku og greitt skatta þar í landi. Taldi rétturinn þannig ekkert benda til þess að staðfesta félagins í Danmörku væri til málamynda.

Rétturinn taldi þá aðstöðu að hið danska félag væri alfarið í eigu sænsks móðurfélags sem dótturfélagið keypti jafnframt margvíslega þjónustu af ekki leiða til þeirrar niðurstöðu í málinu að líta bæri svo á að sölustarfsemin hefði farið fram í Svíþjóð eða að líta bæri á móðurfélagið sem raunverulegan seljanda. Þá taldi rétturinn ekki sýnt fram á að félögin hefðu gripið til tiltekinna söluráðstafana í Svíþjóð. Ekki var heldur talið hafa þýðingu að seljandinn, hið danska félag, hefði haft milligöngu við kaup á flutningsþjónustu frá þriðja aðila. Að virtum atvikum málsins taldi rétturinn ekki annað fram komið en að hið danska dótturfélag hefði stundað smásölustarfsemi sína frá Danmörku. Var þessi starfsemi því ekki talin brjóta gegn ákvæðum sænskra laga um einkaleyfi Systembolaget til smásölu áfengis þar í landi.

Ætla má að íslenskir dómstólar muni líta til sambærilegra sjónarmiða og gert var í framangreindum dómi Hæstaréttar Svíþjóðar við mat á því hvort smásala áfengis hafi átt sér stað á Íslandi, og þar með í andstöðu við einkaleyfi ÁTVR til smásölu áfengis hér á landi, eða utan Íslands. Í því sambandi kann meðal annars að reyna á hvort sölustarfsemi seljanda fari í reynd fram erlendis og hvort það sé seljandi eða kaupandi sem flytji vöruna inn til landsins og með hvaða hætti.

IV Gildandi reglur um innflutning áfengis til einkanota

Teljist smásala áfengis eiga sér stað utan Íslands reynir samkvæmt framansögðu ekki á ákvæði áfengislaga nr. 75/1998 og laga nr. 86/2011 um verslun með áfengi og tóbak sem lúta að smásölu og einkaleyfi ÁTVR til hennar á Íslandi. Hins vegar reynir í því tilviki á þær reglur sem gilda um innflutning á áfengi að því marki sem varan er flutt til Íslands eftir kaupin.

Ólíkt því sem við á um innflutning í atvinnuskyni hafa áfengislög nr. 75/1998 ekki að geyma nein ákvæði um innflutning til einkanota. Hið sama gildir um lög nr. 86/2011 um verslun með áfengi og tóbak ef frá er talin heimild ráðherra samkvæmt 3. mgr. 1. gr. laganna til að setja sérreglur um innflutning ferðamanna og áhafna skipa og loftfara á áfengi og tóbaki.

Ákvæði um gjaldskyldu við innflutning til einkanota er að finna í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 96/1995 um gjald af áfengi og tóbaki þar sem tekið er fram að þeir sem flytja með sér til landsins áfengi til eigin nota og þeir sem fá sent áfengi erlendis frá án þess að það sé til sölu eða vinnslu séu gjaldskyldir samkvæmt lögnum. Í ákvæðinu er jafnframt heimild til að takmarka slíkan innflutning með reglugerð við ákveðnar vörutegundir, hámarks magn eða hámarksverðmæti og að setja skilyrði fyrir því hverjir megi flytja inn samkvæmt henni. Ekki verður séð að þessi reglugerðarheimild hafi verið nýtt.

Í ljósi þess að engar sérstakar hömlur eru lagðar við innflutningi áfengis til einkanota í áfengislögum nr. 75/1998 eða lögum nr. 86/2011 og þar sem ekki hefur verið sett reglugerð á grundvelli 2. mgr. 2. gr. laga nr. 96/1995 sem takmarkar slíkan innflutning verður ekki annað

séð en að hann sé óheftur í skilningi 1. gr. laga nr. 88/1992 um innflutning og almennt frjáls innan marka almennra reglna. Framangreint á þó aðeins við um innflutning til einkanota. Innflutningur sem fram fer í atvinnuskyni er leyfisskyldur samkvæmt 3. gr. áfengislaga nr. 75/1998 og reglugerð nr. 828/2005 um framleiðslu, innflutning og heildsölu áfengis í atvinnuskyni.

V Reglur EES-samningsins um innflutning og ríkiseinkasölu

Við mat á svigrúmi til breytinga á því regluverki um smásölu og einkainnflutning á áfengi sem lýst er í köflum III og IV hér að framan reynir einkum á ákvæði 11., 13. og 16. gr. EES-samningsins, sbr. lög nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið, að teknu tilliti til vörusviðs samningsins eins og það er afmarkað í 8. gr. hans og bókunum 2 og 3 við hann.

Samkvæmt 11. gr. EES-samningsins eru magntakmarkanir á innflutningi og allar ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif bannaðar milli samningsaðila. Samkvæmt 13. gr. kemur 11. gr. þó ekki í veg fyrir að leggja megi bönn eða höft á innflutning sem réttlætast af almennu siðferði, allsherjarreglu, almannaoýggi, vernd lífs og heilsu manna eða dýra eða gróðurvernd, vernd þjóðarverðmæta, er hafa listrænt, sögulegt eða fornfræðilegt gildi, eða vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar og viðskipta. Slík bönn eða höft mega þó ekki leiða til gerræðislegrar mismununar eða til þess að dular hömlur séu lagðar á viðskipti milli samningsaðila.

Samkvæmt 16. gr. samningsins skulu samningsaðilar tryggja breytingar á ríkiseinkasölum í viðskiptum þannig að enginn greinarmunur sé gerður milli ríkisborgara aðildarríkja hvað snertir skilyrði til aðdráttar og markaðssetningar vara.

Af dómaframkvæmd EFTA-dómstólsins leiðir að 16. gr. EES-samningsins felur í sér sérreglu gagnvart almennari ákvæðum 11.-13. gr. Fyrirnefnda ákvæðið gildir um reglur aðildarríkja samningsins sem lúta að grundvelli og starfsemi ríkiseinkasölu. Aðrar reglur, sem eru aðskiljanlegar frá ríkiseinkasölu sem slíkri þótt þær kuni að hafa áhrif á starfsemi hennar, falla undir 11.-13. gr. samningsins, sbr. meðal annars dóm EFTA-dómstólsins 30. maí 2002 í máli E-4/01 (Karl K. Karlsson hf. gegn íslenska ríkinu) og dóm Evrópuþingdómstólsins 23. október 1997 í máli C-189/95 (Franzén).

Að því er varðar reglur sem lúta beint að grundvelli og starfsemi ríkiseinkasölu felur 16. gr. EES-samningsins í sér að aðildarríkjum hans er skylt að koma í veg fyrir alla mismunun í slíkum reglum milli innlendra og erlendra aðila innan Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. dóma EFTA-dómstólsins 16. desember 1994 í máli E-1/94 (Restamark), 15. mars 2002 í máli E-9/00 (ESA gegn Noregi) og 17. janúar 2006 í máli E-4/05 (HOB-vín gegn ÁTVR).

Að því er varðar reglur um verslun með áfengi sem aðskiljanlegar eru frá reglum um ríkiseinkasölu leiðir af 11. og 13. gr. EES-samningsins að slíkar reglur þurfa, að því marki sem þær teljast fela í sér magntakmarkanir á innflutningi eða ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif á vörutegundir sem falla undir vörusvið samningsins, að vera viðeigandi og nauðsynlegar í

þágu lögmæts markmiðs, sbr. til hliðsjónar dóm EFTA-dómstólsins 16. nóvember 2018 í máli E-8/17 (Kristoffersen).

Til þess að ráðstöfun teljist viðeigandi í þessum skilningi þarf hún að vera raunverulega til þess fallin að ná því markmiði sem að er stefnt á kerfisbundinn hátt. Til þess að ráðstöfun teljist nauðsynleg í þessum skilningi þarf að sýna fram á að ekki sé unnt að ná sama markmiði í sama mæli með annarri ráðstöfun sem felur í sér minni takmörkun á innflutningi.

Framangreind ákvæði EES-samningsins útiloka hvorki að reglur um verslun með áfengi hér á landi verði hertar né að þær verði rýmkaðar heldur áskilja þau að gætt sé fyllsta jafnræðis milli innlendra og erlendra aðila við slíkar breytingar og að ekki sé gengið lengra með þeim í þá átt að takmarka innflutning en nauðsynlegt er með tilliti til þess lögmæta markmiðs sem að er stefnt með samkvæmum hætti. Að því marki sem breytingar fara fram innan þessa ramma eru þær almennt samrýmanlegar EES-samningnum með sama hætti og nógildandi regluverk.

Evrópudómstóllinn hefur fjallað um takmarkanir á innflutningi áfengis til Svíþjóðar og Finnlands meðal annars í dómum 5. júní 2007 í máli C-170/04 (Rosengren) og 12. nóvember 2015 í máli C-198/14 (Visnapuu). Í fyrrnefnda málinu komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að bann samkvæmt sænskum lögum við innflutningi til einkanota, án milligöngu Systembolaget, hefði ekki uppfyllt kröfu um meðalhóf þar sem það hefði ekki verið nauðsynlegt til verndar lífi og heilsu manna. Í síðarnefnda málinu taldi dómstóllinn aftur á móti ekki útilokað að áskilnaður í finnskum lögum um smásöluleyfi, sem m.a. útilokaði netsölu beint til neytenda erlendis frá, gæti uppfyllt þessa kröfu. Í dómi Hæstaréttar Finnlands 28. júní 2018 í sama máli voru finnskar reglur taldar samrýmanlegar löggjöf Evrópusambandsins og aðili málsins sakfelldur fyrir brot gegn finnski áfengislöggjöf vegna óheimillar smásölu.

VI Valkostir varðandi breytingar á gildandi regluverki og framkvæmd

A Prenging núverandi regluverks

Af dómi Evrópudómstólsins í máli Visnapuu verður ráðið að aðildarríkjum EES-samningsins sé ekki óheimilt að setja reglur sem banna netsölu áfengis erlendis frá ef ekki er unnt að ná þeim lýðheilsu- og markmiðum sem slíkar reglur stefna að með öðru móti sem felur í sér minni takmarkanir á viðskipti milli aðildarríkjanna. Aðild Íslands að EES-samningnum útilokar því ekki sem slík að settar verði hertari reglur um netverslun með áfengi að uppfylltum kröfum um jafnræði og meðalhóf. Í því sambandi þarf einnig að hafa í huga að vín fellur ekki undir vörusvið EES-samningsins og standa ákvæði hans því ekki í vegi fyrir því að reglur um verslun með vín séu hertar enn frekar.

B Óbreytt regluverk með hertari framkvæmd

Fyrir liggur að nokkur fjöldi netverslana hefur hafið smásölu á áfengi til íslenskra neytenda á undanförunum árum án þess að leyst hafi verið úr því fyrir stjórnvöldum eða dómstólum hvort það sölufyrirkomulag sem stuðst er við sé í öllum tilvikum í samræmi við nógildandi lög. Að því marki sem svo er ekki er unnt að draga úr slíkri starfsemi án breytinga á nógildandi regluverki með hertari framkvæmd gildandi reglna.

Samkvæmt 4. mgr. 4. gr. áfengislaga nr. 75/1998 annast lögregla, tollgæsla og skattyfirvöld eftirlit með þeim sem leyfi hafa til atvinnustarfsemi samkvæmt lögunum. Ganga verður út frá því að það eigi einnig við um atvinnustarfsemi sem fram fer án leyfis andstætt ákvæðum laganna. Þá fer lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu með leyfisveitingar samkvæmt lögunum, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 828/2005, þ.m.t. afturköllun leyfa samkvæmt 24. gr. laganna. Að auki fara sýslumenn og sveitarstjórnir með hlutverk samkvæmt 25. gr. laganna. Samkvæmt 27. gr. varða tiltekin brot gegn lögunum refsingum.

Lög nr. 86/2011 hafa ekki að geyma stjórnþæki til að framfylgja lögunum ef frá er talin heimild 14. gr. til að leggja hald á vörur sem lögin taka til og eru fluttar inn eða framleiddar í heimildarleysi. Í ákvæðinu er tekið fram að innfluttar vörur skuli afhentar Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins til ráðstöfunar. Lögin hafa ekki að geyma refsiakvæði.

Það leiðir af forsetaúrskurði nr. 6/2022 um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands að framkvæmd áfengislaga nr. 75/1998 og laga nr. 86/2011 um verslun með áfengi og tóbak heyrir undir ólík ráðuneyti. Samkvæmt 19. tölul. 2. gr. úrskurðarins fer dómsmálaráðuneytið með framkvæmd áfengislaga nr. 75/1998. Framkvæmd laga nr. 86/2011, þ.m.t. yfirstjórn ÁTVR, er aftur á móti á höndum fjármála- og efnahagsráðuneytisins, sbr. b-lið 10. tölul. 4. gr. úrskurðarins. Þá fer sama ráðuneyti með framkvæmd laga nr. 96/1995 um gjald af áfengi og tóbaki og yfirstjórn Skattsins.

C Rýmkun regluverks án afnáms ríkiseinkasölu

Unnt er að rýmka reglur um verslun með áfengi með margvíslegum hætti án þess að afnema ríkiseinkasölu með öllu. Sem dæmi má nefna þá rýmkun sem gerð var þegar sala á framleiðslustað var heimiluð með breytingarlögum nr. 35/2022.

Ekkert er því til fyrirstöðu að netverslun sé undanskilin einkaleyfi ÁTVR til smásölu og smásala í gegnum netverslun hér á landi heimiluð öðrum en ÁTVR. Að sama skapi er ekkert því til fyrirstöðu að heimila önnur tiltekin form smásölu, t.d. í matvöruverslunum eða sérverslunum, með sumar eða allar tegundir áfengis. Í því sambandi má nefna að á öðrum Norðurlöndum þar sem stuðst er við ríkiseinkasölu áfengis, þ.e. í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð, er sala á vissum tegundum áfengis undanskilin einkaleyfinu upp að vissu marki og sala, aðallega á bjór, leyfð í matvöruverslunum.

Við breytingar sem þessar þarf að gæta að því að þær leiði ekki af sér mismunun milli innlendra og erlendra aðila innan Evrópska efnahagssvæðisins. Í Noregi hefur verið talið að undanþága vegna sölu á framleiðslustað sem tekur til vara sem falla undir vörusvið EES-samningsins kunni að fela í sér slíka mismunun þar sem um sé að ræða söluleið sem standi einungis innlendum framleiðendum til boða. Á þetta hefur þó ekki reynt fyrir EFTA-dómstólum enn sem komið er.

D Afnám ríkiseinkasölu

Fæst ríki á Evrópska efnahagssvæðinu styðjast við ríkiseinkasölu á áfengi. Þau Norðurlönd þar sem byggt er á slíku fyrirkomulagi, þ.e. Finnland, Noregur og Svíþjóð, skera sig að þessu leyti

úr. Ekkert er því til fyrirstöðu að ríkiseinkasala á áfengi verði aflögð og smásala áfengis gefin frjáls.

Við slíkar breytingar þarf þó að hafa í huga að forsendur núverandi fyrirkomulags hvíla á þeim grundvelli að það sé nauðsynlegt til verndar lífi og heilsu manna. Að því leyti sem mat á skaðsemi áfengis og nauðsyn þess að vernda almenning, einkum börn og ungmenni, gegn henni hefur ekki breyst verður að ganga út frá því að við afnám ríkiseinkasölu þurfi að taka upp fyrirkomulag sem sé til þess fallið að ná þeim markmiðum um lýðheilsu sem ríkiseinkasalan stefndi áður að. Með öðrum orðum þarf að huga að því við slíkar breytingar hvort ætlunin sé sú að draga úr þeirri heilsuvernd sem náð er með einkasölunni samkvæmt nógildandi fyrirkomulagi og ef ekki hvernig henni verði náð með jafnárangursríkum hætti eftir öðrum leiðum.

F.h. MAGNA lögmannna ehf.,

Flóki Ásgeirsson lögmaður